



Samband íslenskra  
kristniboðsfélaga

Starfsskýrsla  
2023-2024

Lögð fram á aðalfundi  
24. apríl 2024



**KRISTNIBOÐSSAMBANDIÐ**

...í trú, von og kærleika





## Inngangur

Orðið „kristniboð“ vekur eflaust mismunandi hugsanir eða viðbrögð í hugum fólks og sumir halda að um einhvers konar þvingun sé að ræða eða jafnvel valdbeitingu. Það er langt í frá að svo sé og virðing fyrir náunganum felst m.a. í því að gefa fólki tækifæri til að heyra fagnaðarerindið svo það geti sjálft tekið afstöðu til kristinnar trúar. Eins er það að styðja við fólk og valdefla það án skilyrða grundvallarviðmið í starfi SÍK. Birtist það m.a. í stefnu og lykilskjölum Kristniboðssambandsins sem nálgast má á vefsíðunni [www.sik.is](http://www.sik.is).

Eftirfarandi skýrsla beinir sjónum að starfinu, bæði heima fyrir þar sem starf meðal fólks af erlendum uppruna er enn í vexti og á alþjóðavettvangi þar sem starf SÍK og stuðningur hefur gríðarleg áhrif.



## 1. Stjórn og skipulag

Starfsárið hófst með aðalfundi liðins árs sem haldinn var laugardaginn 6. maí. Kvöldið áður var boðað til umræðufundar um stefnu og framtíð SÍK en rúmlega 40 manns mættu. Kom þar fram mikill áhugi á að efla starf meðal ungmenna og taka formlega stærra skref í átt að boðun í samfélagi fjölmenningar í Evrópu, nánar tiltekið meðal farsimælandi í London í Bretlandi. Ályktun þar um var síðan samþykkt á aðalfundinum.

Að loknum aðalfundi sátu þessi í stjórn SÍK: Ásta Bryndís Schram formaður  
Kristján S. Sigurðsson varaformaður  
Guðlaugur Gunnarsson gjaldkeri  
Katrín Ásgrímsdóttir ritari  
Ólafur Jóhannsson  
Sigurður Pálsson 1. varamaður  
Guðmundur Guðmundsson 2. varamaður

Stjórnin fundaði níu sinnum á starfsárinu og helstu viðfangsefni voru fjármál, alþjóða- og innanlandsstarf SÍK og starfsmannamál.

Starfsfólk á skrifstofu eru Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri, Helga Vilborg Sigurjónsdóttir verkefnisstjóri innanlandsstarfs, Bryndís Róbertsdóttir sem sinnir afgreiðslu, símasvörun, skráningu þátttakenda og ýmsu öðru og Bjarni Árnason sem sinnir starfi gjaldkera sem sjálfboðaliði. Sara María Gunnarsdóttir er í hlutastarfi sem ungmennastarfsmaður. Á Basarnum starfa Karl Jónas Gíslason umsjónarmaður nytjamarkaðar og Anna Sigurðardóttir í hlutastarfi. Tsigie Yirige sinnir þrifum í Kristniboðssal og á Basarnum og Laufey Aðalsteinsdóttir bókhaldi, báðar sem verktakar.

Tugir sjálfboðaliða aðstoða við margvísleg verkefni. Má þar nefna aðstoð við íslenskukennslu fyrir útlendinga, söfnun á vörum og afgreiðslu við haustmarkað, vinnu við umskipun og pökkun í skógáma, söfnun, flokkun og sölu frímerkja, myntar og seðla af öllum gerðum. Kristniboðsfélögin sinntu auk þess fjáröflun með ýmsum hætti, t.d. kaffisölum, jólabasar, kjötsúpu- og kótilettukvöldum, fjáröflunarsamkomu og fleiru.

## 2. Innanlandsstarf

### 2.1 Kjarnastarfsemi

**Kristniboðsfélögin** eru grunnstoð starfsins. Félagsmenn biðja fyrir starfinu, þekkja það vel og taka þátt í fjáröflun. Elsta aðildarfélag SÍK, Kristniboðsfélag kvenna í Reykjavík verður 120 ára í haust.

Sé fólk ekki í kristniboðsfélagi getur það verið **einstaklingsaðilar** og eru þeir um 50 talsins. Margir taka auk þess þátt í starfinu með fjárframlögum og fyrirbæn þó ekki sé um formlega félagsaðild að ræða en um 600 manns styrktu starfið á liðnu ári.



Útvarpsguðspjónusta á **kristniboðsdaginn** var frá Sandgerðiskirkju. Sr. Kjartan Jónsson prédikaði og þjónaði fyrir altari. Samkoma var í Kristniboðssalnum kl. 20. Ragnar Gunnarsson heimsótti Akureyri á kristniboðsdaginn og talaði í guðspjónustu og á samkomu þar.

**Kristniboðsvikan** var haldin dagana 25. febrúar til 3. mars. Yfirskrift vikunnar var „Til endimarka jarðarinnar“. Undirbúningur var í höndum Helgu Vilborgar Sigurjónsdóttur og Ragnars Gunnarssonar. Samverur vikunnar, samkomur og fræðslustundir voru haldnar í Kristniboðssalnum en tónleikar á laugardeginum í Filadelfíu. Gestir vikunnar voru þau Janet Maria Sewell og Mehran Mohammadrezai sem starfa fyrir Lausanne-hreyfinguna og við boðunarstarf meðal farsimælandi fólks á Bretlandi og víðar með aðstoð tækninnar.

Árlegt **kristniboðsmót** á Löngumýri var haldið helgina 14.-16. júlí. Á dagskránni voru biblíulestur, vitnisburðastund, samfélagsstund, kristniboðssamvera og þátttaka í guðspjónustu í Miklabæjarkirkju. Dagskrá önnuðust sr. Guðmundur Guðmundsson, sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, sr. Ólafur Jóhannsson, Katrín Ásgrímsdóttir og fleiri en Bjarni Gunnarsson sá um undirleik. Í undirbúningsnefnd voru Jón Oddgeir Guðmundsson, Kristján S. Sigurðsson og Hulda B. Jónasdóttir.



Eins og undanfarin ár eru **samkomur** í Kristniboðssalnum á miðvikudagskvöldum en um það bil eitt kvöld í mánuði eru fræðslukvöld. Í samkomunefnd eru nú Margrét Jóhannesdóttir formaður, Sigurður Pálsson og Sveinbjörg Björnsdóttir. Samkomusókn hefur verið að ná sér á strik eftir samdrátt í Covid-faraldrinum. Meðalfjöldi á samkomu frá í haust er 29 manns.

Lítið var um að samkomum væri streymt á samfélagsmiðlum en vantað hefur umsjónarmann til að sinna því.

Ýmsir aðilar fá afnot af salnum eða leigja hann fyrir sínar samverur, þar á meðal eru Kristilegt félag heilbrigðisstétta, African Worship Church og kristið samfélag Eþíópía.

**Basarinn**, nytjamarkaður SÍK, er meðal þess sem tengir fjölda fólks við Kristniboðssambandið, hvort sem það gefur muni, kaupir eitthvað eða staldrar við til að ræða sín mál eða spjalla enda er ætlunin að geta einnig veitt einfalda sálgæslu og fyrirbæn á staðnum.

## 2.2 Fjölmenningar- og frumkvöðlastarf

Mikill og góður gangur er í **Íslenskukennslu fyrir útlendinga** á vegum SÍK í vetur og vaxandi eftirspurn. Íslenskukennsla fyrir fólk af erlendum uppruna hefur nú verið í boði í níu ár. Kennt er á þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum frá hausti til vors.

Hópur sjálfbóðaliða gegnir afar mikilvægu hlutverki í starfinu. Auk hefðbundinnar kennslu í íslensku er mikið sungið af íslenskum lögum og kynning á íslenskri menningu.

Rannís styrkir námskeiðin en Menntastofnun veitti SÍK formlega viðurkenningu sem fræðsluaðila á sviði framhaldsmenntunar til þriggja ára frá og með 2022.

Á mánudagsmorgnum eru **krílasálmur** í boði þar sem foreldrar með ung börn eru velkomnir. Þeir eru vel sóttir og eru flestar fjölskyldurnar af erlendum uppruna. Helga Vilborg Sigurjónsdóttir hefur yfirumsjón með íslenskukennslunni og krílasálmunum.



**Ungmennastarf** SÍK er enn í burðarliðnum. Í janúar var stofnaður **kór** fyrir 15-25 ára sem heldur sína fyrstu tónleika 2. maí. Í apríl og maí er boðið upp á **opið hús** fyrir 16-30 ára þar sem ætlunin er að mynda tengsl milli ungmenna í íslenskukennslunni og íslenskra jafnaldra.



Í tengslum við kristniboðsvikuna var haldin **samkoma** þar sem unginga- og ungmennahópar úr hinum ýmsu kirkjum og samfélögum tóku þátt, flest frá Filadelfíu og Íslensku Kristskirkjunni (ÍKK) en einnig ungmenni úr íslenskukennslu SÍK.

Í sumar verður farið með hóp á **æskulýðsmótið UL** (Ungdommens Landsmóte) í Noregi og eru nú 13 ungmenni héðan skráð til þátttöku. Mótið er haldið af Misjonssambandet Ung og IMF-Ung í Noregi.



Frá því í október voru haldnar **fjölskyldusamkomur** í samstarfi við Salt kristið samfélag og ÍKK. Samkomurnar tókust vel en voru misvel sóttar. Nokkrir nemendur úr íslenskukennslunni mættu einnig. Stefnt er að áframhaldandi fjölskyldustarfi á komandi vetri.

## 2.3 Samstarfsverkefni

Ýmisleg tengsl eru við **Þjóðkirkjuna** og kærleiksþjónustusvið Biskupsstofu.

Nokkrir hópar fermingarbarna voru heimsóttir í haust og fengu kynningu á kristniboðsstarfinu.

**Djákna- og guðfræðinemar** fengu fræðslu um SÍK í stofnanakynningum í fyrra vor.

Kristniboðssambandið fékk í fyrra styrk úr Kirkjumálasjóði upp á 9,5 milljónir króna. Sum **prófastsdæmanna** styrkja starfið og var framlag Reykjavíkurprófastsdæmis eystra myndarlegast, 700 þúsund. Einnig styðja sumir söfnuðir þjóðkirkjunnar starfið en mest kom frá **Hallgrímskirkju**, 1,25 milljón.

Framkvæmdastjóri SÍK er formaður **nefndar þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf** sem skipuð er af kirkjuráði til að efla skilning á þeim málum innan kirkjunnar.

Verkefnið **Söfnuður til safnaðar** um tengsl sókna á Íslandi við sóknir í systurkirkjum okkar í Keníu og Eþíópíu er í gangi en frekar lítið er að gerast á þeim vettvangi.

Helga Vilborg Sigurjónsdóttir var fulltrúi SÍK á Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar í haust.

Íslenska Kristskirkjan og SÍK héldu sameiginlegt haust- og **fjölskyldumót** í Vatnaskógi helgina 20.-22. október. Ásta Bryndís Schram sinnti undirbúningi fyrir hönd SÍK.

SÍK styður útvarpsstöðina **Lindina** með árlegu framlagi og einnig flytja starfsmenn og sjálfboðaliðar Kristniboðssambandsins þar hugleiðingar, kynna starfið eða sinna dagskrárgerð. Helga Vilborg Sigurjónsdóttir er með kristniboðspátt síðdegis á mánudögum sem ber heitið „Köllun og kraftaverk“ sem endurfluttur er tvisvar í sömu viku. Hún situr einnig í stjórn Lindarinnar.

Nokkrir félagsmenn SÍK taka þátt í samkirkjulegum **bænastundum** í Friðrikskapelli þar sem beðið er fyrir þjóðinni og ráðamönnum hennar.

Framkvæmdastjóri SÍK lét af starfi sínu sem formaður **Alfa á Íslandi** á liðnu ári en situr í stjórn þess áfram. Alfa-námskeiðið er aðgengilegt sem sjónvarpsþættir með íslenskum texta sem auðveldar námskeiðahald til muna. Sama á nú einnig við um Hjónabandsnámskeiðið á vegum sömu aðila.

SÍK er í óformlegu samstarfi mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu sem kallast nú **Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu (FFP)**. Fundir eru þrisvar á ári eða oftar ef þörf krefur. Þar er rætt um sameiginleg hagsmunamál. Ýmis samskipti eru við **utanríkisráðuneytið** vegna málaflokksins og samninga um verkefni sem það styður.

## 3. Alþjóðastarf

### 3.1 Eþíópía


SÍK styrkir ýmis verkefni á vegum samstarfsaðilans Mekane Yesu kirkjunnar (EECMY) í suðurhluta landsins. Áherslan er m.a. á uppfræðslu forystufólks, presta og prédikara. Kirkjan er í örum vexti og fjölmennasta lúterska kirkja heim.

Eftir að sérstök sýnóda var stofnuð í Konsó í fyrra (Central Rift Valley Synod) einfölduðust samskiptin við Konsó og starfssvæði þau sem heyra þar undir. Stjórnin ákvað að styrkja nýju sýnóðuna vegna launakostnaðar fyrstu þrjú árin

Í mars var Biblían öll gefin út á Konsó máli og voru mikil hátíðarhöld af því tilefni. Karl Jónas Gíslason var fulltrúi SÍK og Hins íslenska biblíufélags á staðnum.

Verkefni sem SÍK tekur þátt í á vegum **kirkjunnar** eru þýðing Biblíunnar á tungu Tsemái-manna sem búa í Voitódalnum og umfangsmikið

boðunarverkefni til nýrra staða þar og í Ómó Rate. SÍK leggur biblíu- og kristniboðsskólanum í Awasa lið og styrkir nema í biblíu- og guðfræðinámi. Veittir eru og minni styrkir til annarra verkefna.



Verkefni á sviði **þróunarsamvinnu** í Eþíópíu eru einkum tvenn. Í fyrsta lagi *Lestrarverkefnið í Ómó Rate*. Í öðru lagi er verkefnið *Af götu í skóla*, en um 30 börn og fjölskyldur fá hjálp til að koma í veg fyrir að börnin verði betlarar á götum höfuðborgarinnar Addis Abeba.

Einnig má nefna lítills háttar stuðning við *heimavistina í Konsó* og einstaklinga í neyð.

### 3.2 Kenía

Kristniboðssambandið tekur þátt í starfi Norðvesturbiskupsdæmis Evangelísku lútersku kirkjunnar (ELCK NWD) í Keníu. Biskupsdæminu var skipt í tvennt í haust og Kerio Valley Diocese nær yfir starfssvæði sem heyrðu undir Chesta og Sekerr auk Turkana- og Baringo- sýslna.

Dr. Kjartan Jónsson fór kynnisferð með hóp ferðamanna í janúar og kenndi síðan á Kapenguria Bible Center í fimm vikur á námskeiði fyrir djákna og prédikara.


SÍK styður enn vel við **útbreiðsluverkefni kirkjunnar** en nokkrir prestar og prédikarar starfa á vegum þess. Starfið teygir sig víða, einkum til svæða úr alfaraleið.

Ekki fékkst styrkur frá utanríkisráðuneytinu til skólabýgginga í fyrra en hins vegar tæpar 5 milljónir til vatnsverkefnis í Chepareria bænum, sem þjónar *Udom Rescue Center* og barna- og framhaldsskólum á staðnum. Auk þess njóta nágrannar þess að borað var eftir vatni sem dælt er upp með sólarorku.

Utanríkisráðuneytið ákvað að gera úttekt á verkefnum sem það hefur styrkt á liðnum árum. Verkfræðistofan Verkís tók að sér úttektina og fór Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri á vegum

ráðuneytisins til Keníu ásamt fulltrúum annarra samtaka sem ráðuneytið hefur styrkt þar í landi. Að frumkvæði ráðuneytisins kynnti Ragnar sér einnig verkefni sendiráðsskrifstofu Íslands í Úganda. Úttektarskýrslan hefur því miður tafist og ekki verið skilað enn sem komið er.

Nú liggur inni umsóknir hjá ráðuneytinu, ein vegna frekari uppbyggingar framhaldsskóla og önnur sem miðar að því að efla kennara og styðja sérstaklega stúlkur í viðkvæmri stöðu til náms.



Frá 2016 hefur verið komið upp 16 heimavistum og 32 skólastofum við 22 skóla.

Hópur nemenda nýtur styrkja til náms í framhalds- og háskólum, ekki síst vegna eyrnamerktra gjafa frá kristniboðsvinum.

### 3.4 Japan og Suðaustur-Asía

Leifur Sigurðsson kristniboði starfar ásamt eiginkonu sinni Katsuko innan Lútersku kirkjunnar í Vestur-Japan (WJELK) á Rökkó-eyju, úthverfi Kobe í Japan. Þeirra hlutverk er að ná til nýrra í nærumhverfi sínu. Gleðilegt er að unglíngastarf og sunnudagaskóli kirkjunnar hefur eflst á starfsárinu. Leifur og Katsuko munu heimsækja Ísland í 10 vikur í sumar, annars vegar til að hvílast og einnig til að kynna starfið.

### 3.5 Starf í Evrópu og víðar

Aðalfundur í fyrra samþykkti að efla starf meðal aðfluttra íbúa í Evrópu. Í því felst að styrkja mun meira en áður þau Janet M. Sewell og Mehran Mohammedrezaí. Hún vinnur fyrir Evrópuskrifstofu Lausanne-hreyfingarinnar en hann meðal farsí-



mælandi íbúa í London, annars staðar í Bretlandi og Evrópu og víðar. SÍK lítur á þau sem sína kristniboða og var sérstaklega beðið fyrir þeim á lokasamkomu kristniboðsvikunnar. Verkefni eru óþrjótandi og viðfangsefni mörg en einnig margt gleðilegt sem hefur gerst í starfinu.

Hjónin Nora og Gísli Jónsson starfa við ráðgjöf og baráttu gegn mansali í Búlgaríu, einkum meðal Rómafólks. SÍK styður þau lítils háttar og tekur við söfnunarfé til starfs þeirra auk þess að miðla fréttum og fyrirbænafeum frá þeim hér á landi.



### 3.6 Fjölmiðlastarf

SÍK styrkir ákveðnar sendingar NOREA-radio og samstarfsaðila til **Kína** í von um að ná til barna og fullorðinna á landsbyggðinni.

SÍK hefur frá því 2019 styrkt rekstur **Pak7**, samkirkjulegs fjölmiðlastarfs í Pakistan, sem nýtir m.a. samfélagsmiðla og netið til að ná til ungs fólks. Fyrsta sjónvarpsrásin fór í loftið árið 2022.

SÍK er samstarfsaðili **Sat7**, samkirkjulegs sjónvarpsstarfs í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Hugsjónin er að styðja við bakið á kristnu fólki á svæðinu með dagskrá sem framleidd er af heimamönnum. Sent er út á fimm rásum, á arabísku, tyrknesku og farsíu auk barnarásar og skólasjónvarps sem sérstaklega er hugsað fyrir börn í flóttamannabúðum en nýtist ýmsum öðrum vel. Áherslan er þrjúþætt, á menntun, heilsufar og félagslega þróun.

Mikilvægur þáttur í starfi Pak7 og Sat7 er ráðgjöf við áhorfendur sem hafa samband með síma, tölvupósti, bréfaþósti og á samfélagsmiðlum. Starfið er því mjög gagnvirkt.

Áhorfendur Sat7 eru nálægt 25 milljónum.



### 3.7 Önnur tengsl og samstarf

Kristniboðssambandið er í tengslum og samstarfi við ýmsa aðila erlendis. Helst er að nefna Norska kristniboðssambandið, NLM, vegna samstarfs í Eþíópíu, Keníu og Japan. Í haust verður haldinn samstarfsfundur í Danmörku en þeir eru á tveggja ára fresti.

Samskipti við kirkjurnar í Eþíópíu, Japan og Keníu fara að miklu leyti um hendur NLM, en einnig eru bein tengsl við kirkjurnar í Pókot í Keníu og Konsó í Eþíópíu.

SÍK er einnig í samstarfi við ungliðahreyfinguna, Misjonssambandit-Ung, og Fjellheim, biblíuskóla Norska kristniboðssambandsins í Tromsø í Norður-Noregi, en nemendahópur þaðan heimsækir Ísland árlega.

SÍK er aðili að Nordisk Indremisjonsráð (NIR) og situr framkvæmdastjóri í stjórn þess. Fundur var í Kaupmannahöfn í janúar sem hann tók þátt í með fjarfundabúnaði. Fundur framkvæmdastjóra NIR var haldinn í Kríunesi við Elliðavatn í ágúst. Þar var einnig fundur NIMBU, sem er barna- og unglingastarfsarmur NIR í nóvember en Helga Vilborg Sigurjónsdóttir situr í stjórn þess.


SÍK er tengiliður Íslands í European Evangelical Missionary Alliance (EEMA). Enginn tók þátt í ráðstefnu kristilegu samtakanna *Refugee Highway Partnership* vegna annarra verkefna á sama tíma. Framkvæmdastjóri er einn af tengiliðum Lausanne-hreyfingarinnar hér á landi. Fram undan er 50 ára afmæli og stór ráðstefna í Suður-Kóreu í september. Til stendur að tengjast ráðstefnunni með samverum hér á landi þar sem fylgst verður með hluta dagskrárinnar.

Ýmis önnur óformleg tengsl eru við samtök og einstaklinga erlendis.

## 4. Útgáfa og kynningarmál

**Kristniboðsfréttir** komu út tvisvar, í maí og nóvember. Áskrifendur eru um tvö þúsund og fær

um fjórðungur þeirra blaðið prentað en hinir á rafrænu sniði. Blaðið er mjög mikilvægur tengiliður við fjölda fólks. Friðrik Hilmarsson Zimsen er ritstjóri. Valkrafa var send á flesta áskrifendur Kristniboðsfrétta, bæði í maílok og fyrir jólin. Undirtektir voru nokkuð góðar og komu inn samtals rúmar 2 milljónir með þessum hætti.



**Kristniboðspósturinn**, netfréttabréf, er sendur á um það bil mánaðarfresti til flestra áskrifenda Kristniboðsfrétta með skráð netföng til að minna á það helsta sem er á döfinni á hverjum tíma.

**Kristniboðsalmanakið** 2024 kom út í október í 4.000 eintökum og var dreift í kirkjur, á Basarum og til áskrifenda Kristniboðsfrétta sem þess óskuðu. Lífsmótun, útgefandi Lykilorða, tók þátt í útgáfu og kostnaði og reyndist það samstarf mjög vel.

**Heimasíða** SÍK, [www.sik.is](http://www.sik.is), er nýtt til að auglýsa samverur og viðburði og segja fréttir af starfinu innanlands og á alþjóðavettvangi. Sama á við um **samfélagsmiðlana**. Ólafur Jón Magnússon sinnir tæknilegri hlið vefsíðunnar sem sjálfbóðaliði.

**Salt ehf. útgáfufélag** er í eigu SÍK. Í fyrrasumar kom út bæklingurinn *Hvers vegna Jesús?* eftir Nicky Gumbel og í desember bókin *Kjarni kristinnar trúar* (Mere Christianity) eftir C. S. Lewis.

Salt ehf. gefur einnig út **Bjarma** sem kemur út þrisvar á ári og er tímaritið selt í áskrift. Ritstjóri er Ragnar Gunnarsson. Í ritnefnd með honum eru Böðvar Björgvinsson, Helena Leifsdóttir og Vigfús Ingvar Ingvarsson. Prófarkalesari er Þorgils Hlynur Þorbergsson. Áskrifendum býðst nú einnig áskrift á stafrænu formi og fer fjölgandi.

## 5. Rekstur og skrifstofa

Skrifstofa og afgreiðsla SÍK er í Miðbæ við Háaleitisbraut 58-60, 2. hæð, fyrir neðan Kristniboðssalinn.

SÍK á húsnæðið sem hýsir Basarinn í Austurveri og í Miðbæ við Háaleitisbraut 58-60 sem hýsir skrifstofuna og 86 fermetra að auki sem eru í útleigu. SÍK á 40% í Kristniboðssalnum á móti Kristniboðsfélögunum í Reykjavík. Þessum fasteignum fylgir alltaf eitthvert viðhald. Umfangsmikil viðgerð og endurnýjun fór fram við Austurver í fyrra og keyptir voru nýir stólar í Kristniboðssalinn.

Góður hópur sjálfbóðaliða aðstoðar við verðmerkingu, tiltekt og afgreiðslu **Basarsins**. Á sama stað eru einnig til sölu bækur bókaútgáfunnar Salt ehf. og aðrar kristilegar bækur. Tveir hillustandar á skrifstofu SÍK geyma kristilegar bækur, nýjar og notaðar sem eru einnig til sölu á góðu verði.



Kristniboðssambandið fær tekjur sínar að mestu leyti frá trúföstum velunnurum starfsins. Notuð frímerki og erlend smámynt er góður tekjustofn en umsjón með **frímerkjum** er í höndum Jarle Reiersen og **myntar** í höndum Sigurjóns Gunnarssonar auk fleiri sjálfbóðaliða. Í fyrra var slegið nýtt met en samtals skilaði þessi sala rétt tæpum 5 milljónum króna.

Verkefnið **Látum skóna ganga aftur** er unnið í samstarfi við *Sorpu*, *Eimskip*, *Milad Export* í Þýskalandi og *SEED* samtök sjálfbóðaliða. Halldór Konráðsson stýrði vinnuflokkum sem fluttu skó milli gáma en Bryndís Róbertsdóttir sinnti undirbúningi, frágangi og tengslum við Eimskip og Milad.

SÍK tekur við gjöfum í **menntasjóð** til menntamála í Keníu og Eþíópíu. Þær fara í skólabyggingar, skólustarf eða stuðning við einstaka nemendur og verkefnið **Af götu í skóla**.

SÍK er á **almannaheillaskrá** og norskir skattgreiðendur geta einnig með svipuðum hætti og íslenskir styrkt SÍK og fengið frádrátt frá skatti.





## Pakkarorð

Stjórn SÍK þakkar öllum sem tengjast Kristniboðssambandinu með beinum eða óbeinum hætti og taka þátt í starfinu með fjárframlögum,

munum á Basarinn, frímerkjum, mynt og seðlum, bakstri, sjálfböðavinnu við samkomu- og fræðslustarf, íslenskukennslu og á Basarnum, fyrirbænum og öðru sem hefur orðið starfinu til eflingar.

Stjórn SÍK þakkar fyrirbæni, framlög og umhyggju velunnara þess.

Kristniboðssambandið vill miðla trú, von og kærleika. Horfum fram á við í von til Drottins sem kallar til verka, að bera vitni um kærleika hans með því að gera Jesú þekktan meðal þjóða heims og bæta líf fólks til frambúðar með margvíslegri kærleikspjónustu.

F.h. stjórnar og starfsmanna SÍK  
(Kristniboðssambandsins)

*Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri*

**Jesús sagði: „En þér munuð öðlast kraft er heilagur andi kemur yfir yður og þér munuð verða vottar mínir í Jerúsalem og allri Júdeu, í Samaría og allt til endimarka jarðarinnar.“ (Postulasagan 1.8)**

## Samband íslenskra kristniboðsfélaga

Kristniboðssambandið – í trú, von og kærleika

Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík - Sími 533 4900

Rafpóstur: [sik@sik.is](mailto:sik@sik.is) - Veffang: [sik.is](http://sik.is)

**Kennitala: 550269-4149. Gjafareikningur: 0117-26-002800**

[facebook.com/kristnbod](https://facebook.com/kristnbod) - [instagram.com/sik\\_island](https://instagram.com/sik_island)

**Basarinn – nytjamarkaður**

Austurveri, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík - Sími 562 6700

